



Garðabær
Garðatorgi 7
210, GARÐABÆ
Bt. Gunnar Einarsson

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	08.02.2017
Málalýkill	00.49
Mál nr.	1702132

Efni: Samningur um afritun verndaðra verka

Fjölís og Samband íslenskra sveitarfélaga hafa á undanförunum árum unnið að endurnýjun samninga um afritun höfundaréttarvarins efnis. Eldri samningar, sem flestir eru útrunnir, voru orðnir tæknilega úreltir og tóku ekki til stafrænnar afritunar eða rafrænnar dreifingar svo dæmi sé tekið.

Viðræður milli aðila hófust á árinu 2011. Á sama tíma voru að fara af stað viðræður við menntamálaráðuneytið um endurnýjun samnings um afritun í skólum. Var strax ljóst að sveitarfélögin vildu gjarnan hinkra með samningsgerð til að fylgja þeirri línu sem lögð yrði í samningum við ríkið. Þeir samningar drógust á langinn af ýmsum ástæðum sem ekki verða raktar til réttthafasamtakanna en óþarft er að tíunda hér. Í október 2016 voru samningar við ríkið loks undirritaðir með nokkrum veigamiklum breytingum frá því sem upphaflega var lagt upp með. Þannig ábyrgist ríkið nú greiðslu fyrir afritun höfundaréttarvarins efnis í öllu skólakerfinu. Leik-, grunn-, framhalds- og háskólar falla undir samninginn auk tónlistarskóla og símenntunarmiðstöðva. Samhliða gaf Fjölís ríkulegan afslátt frá gjaldskrá sinni og gerður var samningur milli ríkis og sveitarfélaga um millifærslur vegna þessa með aðkomu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Greiðslur fyrir notkun í tónlistarskólum sem reknir eru af sveitarfélögum eru því ekki lengur hluti af samningi milli réttthafasamtaka höfunda og sveitarfélaga.

Undir samninga við sveitarfélög fellur nú eingöngu afritun sem fram fer í stjórnsýslu sveitarfélaganna og öllum rekstri öðrum en leik-, grunn- og tónlistarskólum, þ.e. íþrótt- og æskulýðsmál, menningarmál, ferðamál, félagsþjónusta o.þ.h. auk þjónustumiðstöðva, menningarstarfsemi, byggðasamlaga og annars atvinnurekstrar.

Í viðræðum Fjölís og Sambands íslenskra sveitarfélaga var einnig komist að samkomulagi um viðmið í nýjum samningi. Þannig er nú miðað við starfsmannafjölda sveitarfélaga sem ekki eru í Kennarasambandi Íslands og greidd föst upphæð pr. starfsmann. Miðast starfsmannafjöldi við upplýsingagjöf frá Sambandi sveitarfélaga og finna má í árbókum sambandsins. Föst upphæð er 590 kr. pr. starfsmann sem er ígildi tæplega 100 bls. af texta óháð því hvort afritun er gerð fyrir starfsmenn sjálfa eða viðskiptavinum sveitarfélagsins. Minnt er á að allt efni í ræðu og riti er háð vernd auk ljósmynda, listaverka, skráa og taflna sem fengið er úr bókum, tímaritum, dagblöðum og af netinu. Lágmarksgjald skv. ofangreindu er 3.000 kr. óháð starfsmannafjölda.



Fjölís

Ofangreindar forsendur eru í samræmi við kannanir sem gerðar hafa verið af systursamtökum Fjölíss í nágrannaríkjum sem alla jafna hafa sýnt svipaða notkun í þeim könnunum sem gerðar hafa verið. Þessi viðmið eru því talin sanngjörn og eðlileg.

Viðræður Fjölíss og Sambands íslenskra sveitarfélaga hafa nú leitt til þess að fyrir liggur samningsfyrirmynd skv. ofangreindum forsendum og fylgir hún hér með í tvíriti, undirrituð af hálfu Fjölíss. Samningsfyrirmyndin var einnig tekin fyrir og samþykkt á fundi stjórnar sambandsins þann 27. janúar 2017. **Sambandið mælir með því við sveitarfélög að þau gangi til samninga við Fjölís þar sem texti samningfyrirmyndarinnar verður notaður óbreyttur.** Er þess óskað að samningurinn verði undirritaður af hálfu sveitarfélagsins og annað eintakið sent til Fjölís, Aðalstræti 6, 101 Reykjavík. Þá má einnig skanna samninginn og senda hann á fjolis@fjolis.is

Samhliða undirritun meðfylgjandi samnings lýsir Fjölís því yfir að ekki verði gerðar viðbótarkröfur vegna afritunar sem fram hefur farið undanfarin ár jafnvel þó ekki hafi legið fyrir samningur um slíka notkun.

Fyrirspurnum um samninginn skal beint til Fjölís á netfangið fjolis@fjolis.is

Kynningarmyndband um heimildir skv. samningum þessum er í vinnslu og verður gert aðgengilegt á heimasíðu Fjölís www.fjolis.is innan skamms. Í samningnum er kveðið á um samvinnu aðila um kynningar á helstu reglum samningsins og er myndbandið viðleitni rétthafa til að gera þær reglur aðgengilegar og skýrar.

Reykjavík, 1. febrúar 2017

f.h. Fjölíss

Helga Sigrún Harðardóttir
framkvæmdastjóri